

Fundargerð 291. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps

fimmtudaginn 16. apríl 2009, kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún þrjár blaðsíður að stærð.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Egill Sigurgeirsson, Sveinn Ragnarsson, Karl Kristjánsson, Rebekka Eiríksdóttir og Óskar Steingrímsson fundarritarð.

Gústaf setti fund og bauð menn velkomna.

**Dagskrá:**

**Fundargerðir:**

1. Fundargerð brunamála- og almannavarnarnefndar 4. febrúar 2009. Samþykkt.
2. Fundargerð hreppsnefndar 12. mars 2009. Samþykkt.
3. Fundargerð stjórnar Barmahlíðar 3. apríl 2009. Samþykkt.
4. Fundargerð skipulags- bygginga- og hafnarnefndar 6. apríl 2009. Samþykkt.

**Til afgreiðslu:**

1. **0904020** Gerð framkvæmdaáætlunar vegna brunavarna fyrir Barmahlíð. Ákveðið að ganga frá neðri hæð Barmahlíðar skv. skýrslu Eldstoða nr. 7078. Stefnt skað að því að ljúka þeim áfanga fyrir 1. júní 09. Efri hæð mun verða kláruð fyrir 1. júní 2010.
2. **0904021** Atvinnuuppbygging á Reykhólum – iðngarðar. Lagt fram bréf frá Magnúsi Þór Bjarnasyni sem er að vinna verkefninu fyrir sveitarfélagið. Nefndinni lýst vel á verkefnið.
3. **0902025** Bréf dags. 6. apríl 2009 frá Minjavernd með ósk um nýjan samning um Pakkhúsin í Flatey. Sveitarstjóra, Sveini og Karli falið að semja við Minjavernd fyrir 11. júní 2009.
4. **0903042** Bréf dags. 13. mars 2009 frá Ungmennafélagi Íslands í hverju auglýst er eftir aðilum til að taka að sér 14. Unglingalandsmót UMFÍ árið 2011. Ákveðið að sækja ekki um.

5. **0903019** Bréf dags. 3. mars 2009 frá Hagþjónustu landbúnaðarins með ósk um að Reykhólahreppur yfirfari lögbýlaskrá hreppsins og leiðrétti ef þörf krefur. Rebekku og Karli falið að yfirfara skrána.
6. **0903029** Bréf dags. 16. mars 2009 frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu með skoðunar- og matsskýrslu vegna Barma. Sveitarstjóra og oddvita falið að svara erindinu.
7. **0904017** Bréf dags. 6. apríl 2009 frá nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn með ósk um gögn og upplýsingar frá Reykhólahreppi. Engin gömul gögn um málið eru til hjá sveitarfélaginu og ef þau hafa verið til, er líklegast að þau séu á Þjóðskjalasafni.
8. **0904019** Bréf dags. í apríl 2009 frá Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu með kjörskrá og fyrimælum og leiðbeiningum um meðferð kjörskrárstofna frá Þjóðskrá. Engar athugasemdir gerðar við kjörskrána.
9. **0904008** Tölvupóstur dags. 2. apríl 2009 frá Selasetri Íslands með ósk um upplýsingar um selalátur í sveitarfélaginu. Sveitarstjóra falið að senda upplýsingarnar.
10. **0903026** Bréf dags. 13. mars 2009 frá Sýslumanninum á Patreksfirði með ósk um umsögn vegna endurnýjunar rekstrarleyfis fyrir Grænagarð og Krákuvör í Flatey. Ekki gerðar athugasemdir við endurnýjun leyfisins.
11. **0903027** Bréf dags. 13. mars 2009 frá Sýslumanninum á Patreksfirði með ósk um umsögn vegna endurnýjunar reksrarleyfis fyrir Hótel Bjarkalund. Ekki gerðar athugasemdir við endurnýjun leyfisins.
12. **0903061** Endurrit fundargerðar vegna fundar Reykhólahrepps, Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar vegna málefna héraðsskjalasafns fyrir Barðastrandasýslur. Næstu skref. Nefndin tekur jákvætt í stofnun héraðsskjalasafns fyrir Barðastrandasýslur, en í ljósi fjárhagsstöðu sveitarsjóðs sér nefndin ekki möguleika á að leggja fé til verkefnisins.

#### Til kynningar:

1. **0903035** Bréf dags. 16. mars 2009 frá Umhverfisstofnun um raf- og raftækjaúrgang. Kynnt.

2. **0903038** Bréf dags. 24. okt. 2008 (mótttekið 12. mars 2009) frá Knattspyrnusambandi Íslands um endurgreiðslu virðisaukaskatts af framkvæmdum við íþróttamannvirki. Kynnt.
3. **0903056** Tölvupóstur dags. 30. mars frá Vegagerðinni með ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu vegagerðar á milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði. Sveitarstjórn stendur við fyrri umsögn um málið frá hreppsnefndarfundum þann 12. febrúar s.l.
4. **0903057** Minnisblað dags. 30. mars 2009 af fundi með Dalabyggð um hugsanleg samstarfsverkefni, t.d. tónlistarskóli, sorphirða, héraðsskjalasafn, félagsmál. Kynnt.
5. **0903041** Bréf dags. 13. mars 2009 frá Samtökum forstöðumanna sundstaða á Íslandi (SFSÍ) með ábendingum um að uppsagnir gætu haft áhrif á öryggi og eftirlit á sundstöðum. Kynnt.
6. **090330** Bréf dags. 16. mars 2009 frá Landmælingum Íslands varðandi hæðarkerfi. Kynnt.
7. **0903043** Bréf dags. 12. mars 2009 frá Menntamálaráðuneytinu með upplýsingum um ráðstefnuna Menningarlandið 2009 sem verður í Stykkishólmi 11. og 12. maí 2009. Kynnt.
8. **0904013** Afrit bréfs dags. 22. janúar 2009 frá Breiðafjarðarnefnd til Náttúrustofu Vesturlands og Náttúrustofu Vestfjarða um atvinnuskapandi verkefni við Breiðafjörð. Kynnt.

Önnur mál löglega.

1. Fundargerð félags- og jafnréttisnefndar 1. apríl 2008. Samþykkt.
2. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 15. apríl 2008. Afgreiðslu liðar 3 frestað. Annað samþykkt.
3. Heimild til lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir hér með að taka jafngreiðslulán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ofh. að upphæð fimmtán milljónir króna til fimmtán ára og er sveitarstjóra heimilt að semja um vaxtakjör allt að 6,5%.

Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlagen nr. 45/1998.

Er lánið tekið til nýbýnningu götunnar Hólatraðar og viðhalds eldri gatna ásamt kaupum á húsnæði fyrir slökkvilið Reykhólahrepps, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er sveitarstjóra, Óskari Steingrímssyni, kt. 150151-3689, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Reykhólahrepps að undirrita láncsamning við Láncsjóð sveitarfélag ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar sem tengjast lántöku þessari.

4. Fjarfundarbúnaður í Reykhólaskóla. Gústaf Jökull upplýsti að búnaðurinn sé kominn en eftir er að ljúka tengingum. Einnig ákveðið að koma upp þráðlausu neti í skóla og íþróttahúsi.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 20:20.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Sveinn Ragnarsson (sign)

Karl Kristjánsson (sign)

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)